

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölnnar. September 2022

Útgefandi: Auðhumla og MS – Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson

Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunn@ms.is – Prentun: Prentmet Oddi



Jón Þór Jóseppson, framleiðslustjóri hjá MKS með níu mánaða gamlan Gretti sem bíður þess að fara í lokamerkingu og pökkun hjá MS.

Góð viðbrögð neytenda við Goðdalaostunum

Framleiðsla á Goðdalaostunum er í fullum gangi hjá Mjólkursamlagi KS á Sauðárkróki. Tilkoma þessara osta á markaðinn var kærkomin og hafa viðbrögð neytenda verið mjög góð.

Osturinn hefur m.a. farið á erlendar ostasýningar og hlotið mjög góða dóma og vakið eftirtekt. Það er mikil þolinmæðisvinna sem liggur að baki

svona ostaframleiðslu. Ostarnir eru lagðir í 9 til 24 mánuði við sérstök skilyrði og má lítið fara úrskeiðis í ferlinu. Á þessum tíma þarf að snúa ostinum reglulega og bera á hann sérstaka ostahúð (cheese coat), sem bæði ver yfirborð ostsins og stuðlar í leiðinni að öflugri bragðmyndun.



Rjóma blíða

Eftir kalt og blautt sumar var farið af stað með auglýsingaherferð tengt rjómanum, Rjóma blíða. Auglýsingarnar eru veðurtengdar þar sem slagorðið er *Pótt veðrið valdi vonbrigðum gerir rjóminn það ekki.*

Landbúnaðar- sýningin 14. til 16. október í Laugardalshöll

Starfsfólk Mjólkursamsölnnar hlakkar til að hitta eigendur sína, aðra bændur, fagfólk og áhugafólk um landbúnað í Laugarhaldshöllinni 14. - 16. október næstkomandi. Mjólkursamsalan verður með stóran sýningarbás þar sem kynntar verða íslenskar mjólkurvörur og ostar. Það er fátt skemmtilegra en kynna vörur fyrirtækisins á sýningum eins og þessari.

Við hlökkum sannarlega til að sjá þig og þína, spjalla og kynna mjólkurvörur.



Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-ág 2021	Jan-ág 2022	Mism	%	Áætlun 2022	Mism	%
Smjör/Smjörvi	1.507	1.539	32	2,1%	1.503	37	2,4%
Ostar	4.107	4.238	131	3,2%	4.108	130	3,2%
Duft	783	883	100	12,8%	780	103	13,2%
Samtals KG	6.397	6.660	263	4,1%	6.391	270	4,2%
Hvít mjólk	15.221	14.956	-265	-1,7%	14.582	374	2,6%
Bragðbætt mjólk	3.025	3.158	133	4,4%	3.100	58	1,9%
Skyr/Jógúrt	5.414	5.371	-43	-0,8%	5.380	-9	-0,2%
Rjórnarvörur	2.084	2.082	-1	-0,1%	2.095	-13	-0,6%
Samtals Ltr	25.744	25.567	-177	-0,7%	25.157	411	1,6%

Uppsöfnuð sala í m.kr

	Jan-ág 2021	Jan-ág 2022	Mism	%	Áætlun 2022	Mism	%
Samtals	18.505	20.431	1.927	10,4%	20.041	390	1,9%



Arnar Pétursson.



Sveindís Jane Jónsdóttir.

Hleðsla

Sveindís Jane Jónsdóttir, landsliðskona í fótbolta og Arnar Pétursson, einn besti hlaupari landsins koma fram í auglýsingunum tengdum Hleðslu. Vel heppnað auglýsingaefni sem er unnið í samstarfi við auglýsingastofuna ENNEMM.


Góð sala í sumar

Sumarið hefur verið okkur mjög gjöfult. Mánuðirnir maí, júní, júlí og nú síðast ágúst voru allir yfir sölumarkmiðum. Veltuaukning í vörusölunni er tæpir tveir milljarðar jan-ágúst miðað við sama tímabil árið áður. Ein helsta skýring á þessu er mikill kraftur í ferðaþjónustunni, en víða eru hótél fullbókuð og veitingastaðir hafa verið þétt settir.

Eins er þjóðerni ferðamanna okkur hagstætt, mjólkurneysluþjóðir eins og Bandaríkjamenn, Þjóðverjar, Bretar og Danir eru 53% þeirra sem heimsækja landið skv Ferðamannastofu - eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan.

Þrátt fyrir tíðar ferðir Íslendinga erlendis þá er salan í verslunum ágæt, vegna dýrtíðar á veitingatöðum þá er talsvert um það að ferðamenn sækir sér vistir í verslanir.
/ AHM

Ferðamenn um Leifsstöð eftir þjóðerni





Á haustmánuðum

Ágætu mjólkurframleiðendur og samstarfsfólk,

Umbrotatímar

Nú haustar og vetur færist nær. Það þarf ekki að telja upp fyrir neinum þau stóru mál sem hafa verið ráðandi í umhverfi okkar undangengin 2 1/2 ár. Miklar sviptingar hafa verið í rekstrarumhverfi landbúnaðarins sem og annarra atvinnugreina en segja má að framleiðslugreinar atvinnulífsins hafa orðið hvað þýngst fyrir barðinu á aðstæðum og þá hvað helst vegna afleiðinga stríðsátaka í Evrópu. Meginviðfangsefnið nú er að komast í gegnum ástandið á meðan það varir og vona að úr því greiðist sem fyrst, öllum til heilla. En jafnframt þurfum við að búa okkur undir þann möguleika að það vari áfram í einhvern tíma.

Í hagsmunagæslu fyrir mjólkurframleiðendur og fyrirtæki þeirra eru ýmis mál sem félagskerfi bænda og fyrirtækin þurfa að sameinast um og stilla sína strengi saman. Það er nú þegar verið að vinna að ýmsum málum því tengdu og þarf að nýta veturinn vel í þeim efnum.

Sala mjólkur og greiðslumark 2023

Þrátt fyrir áskoranir í framleiðslunni hafa markaðir haldist sterkir og er sú gleðilega staða uppi að sala mjólkurvara hefur ekki verið jafn sterk í langan tíma. Umreiknuð sala á fitugrunni sl. 12 mánuði er komin í 146,5 milljónir lítra, og þá er próteinsalan á innanlandsmarkaði einnig að styrkjast.

Þetta er grundvallaratriði til að halda rekstri og efnahag allra á eins sterkum grunni og hægt er. Afurðastöðvar munu hafa sterkari forsendur í afurðagreiðslum til bænda ef rekstur þeirra er í jafnvægi og mjólkurframleiðsla einnig. Söluáætlun fyrir mjólkurvörur fyrir árið 2023 áætlað um 1,5 – 2% aukningu í sölu frá árinu 2022. Það er því mikilvægt að skapa þannig aðstæður að framleiðsla mjólkur nái að fylgja söluspám. Áætlunin er grunnur að rekstraráætlun afurðastöðva sem nú er í vinnslu fyrir árið 2023.

Framleiðsla mjólkur og horfur

Framleiðsla mjólkur er á þessum síðustu vikum að ná sama vikulega magni og á sama tíma fyrri ára, 2021 og 2020, eftir að hafa verið nokkuð undir það sem af er ári. Þetta er mjög jákvætt og veit á gott m.t.t. framleiðsluþarfar komandi árs 2023.

Í umboði aðildarfélaga sinna hafa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sent inn erindi til Framkvæmdanefndar búvörusamninga þess efnis að greiðslumark mjólkur fyrir árið 2023 verði ákveðið sem allra fyrst og ákvörðun verði komið á framfæri við bændur svo fljótt sem auðið er. Reiknað er með því að auka þurfi greiðslumark um **2,5 milljónir lítra, eða um sem nemur 1,7%,** til að sinna innanlandsmarkaði á árinu 2023 og jafnframt að tryggja eðlilegt og traust birgðahald mjólkurvara.

Mikilvægt er að bændur fái eins rúman fyrirvara og unnt er svo þeir hafi forsendur og svigrúm til að aðlagja m.a. gripahald og fódurráðstafanir í sínum rekstri að þessum breytingum. Með

þessu yrði greiðslumark mjólkur **149 milljónir** lítra. Verði ráðuneytið við þessari tillögu Samtaka afurðastöðva er ljóst að greiðslumark, réttur til mjólkurframleiðslu með fullri greiðslu lágmarksverðs, hefur aldrei verið jafn hátt og þessu nemur.

Af vettvangi Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu á árinu 2022

Rekstur Mjólkursamsölunnar hefur gengið einkar vel það sem af er árs 2022. Það sama má segja um rekstur Auðhumlu svf. þar sem starfsemin er í jafnvægi og föstum skorðum. Nú er verið að leggja lokahönd á nýja aðstöðu fyrir efnamælingar og gæðarannsóknir RM. Aðstaðan verður tilbúin í næstu viku (vika 39) og unnt að setja upp nýjan vélbúnað en hluti hans er þegar komin til landsins. Í framhaldi þess verður hægt að hefja rannsóknir og mælingar á hverri móttækinni mjólkursendingu kúabænda inn til gæðamats. Það er réttlætismál sem lengi hefur verið stefnt að og hefur verið í undirbúningi og loks sést fyrir endann á því verkefni.

Þrátt fyrir miklar áskoranir, sérstaklega í rekstrarumhverfi bænda, er gott að geta greint frá jákvæðum þáttum úr starfseminni. Það er til marks um að við sjáum fram á bjartari og jákvæðari tíma heldur en ríkt hafa á undangengnum misserum.

Með góðri haustkveðju,
Ágúst Guðjónsson
Elín M. Stefánsdóttir
Pálmi Vilhjálmsson

Ostóber –Tími til að njóta osta!



Október hefur fest sig í sessi sem mánuður osta, enda góður tími til að njóta þeirra þá eins og á öðrum tímum. Á tímabilinu verður öllum ostum gert hærra undir höfði og kynntir verða nýir ostar og nýjar pörunarsamsetningar eldri osta til sögunnar. Nokkrar spennandi nýjungar munu líta dagsins ljós sem verður gaman að kynna fyrir ykkur, bæði Mjólkursamsalan verður með kynningar í fyrirtækjum og sífellt fleiri veitingahús eru að hoppa á vagninn og ætla að auka úrvalið á matseðlum og sýnileika osta.

Kynningar verða í öllum starfsstöðvum MS í mánuðinum á ostaframboði MS.



Fossvogshlaup Hleðslu

Fossvogshlaup Hleðslu var haldið 25. ágúst í tíunda sinn. 10 ára afmælishlaup og var boðið upp á köku og Hleðslu,

Klói mætti á svæðið og fólk á öllum aldri kom og tók þátt í gleðinni.



Mjólkurbikarinn

Valur er Mjólkurbikarmeistari kvenna 2022!

Breiðablik og Valur mættust í úrslitaleik bikarkeppinnar á Laugardalsvelli 27. ágúst og var það Valur sem hafði betur, 2-1. Birta Georgsdóttir kom Breiðablik í 1-0 í fyrri hálfleik en Cyera Makenzie Hintzen og Ásdís Karen Halldórsdóttir

skoruðu fyrir Val í síðari hálfleik.

Úrslit í Mjólkurbikar karla verða 1. október þar sem FH - Víkingur R mætast á Laugardalsvelli og má búast við æsispenndandi leik.

Ísey Skyr Bar

– einstakur á heimsvísu

Í gegnum tíðina hefur það verið meginmarkmið skyndibitastaða að vera þægilegur og ódýr kostur. Nú þurfa skyndibitastaðir að breyta þeirri hugsun til að höfða til nútíma neytenda sem hugsa um heilsuna í auknum mæli. Ísey Skyr Bar er í kjörstöðu, þar sem bragðgóð hollusta hefur aldrei verið aðgengilegri.

Ísey Skyr Bar í heimsfaraldri

Heimsfaraldurinn Covid-19 reyndist Ísey Skyr Bar erfiður og hafði neikvæð áhrif á öll áform um útrás og sölu sérleyfa (*e.franchise*). Alls staðar í heiminum voru bæði sérleyfisveitendur og sérleyfishafar í biðstöðu. Það var sjaldséð að sérleyfisveitendur væru að selja ný sérleyfi, hvað þá að hefja starfsemi á nýjum mörkuðum. Þrátt fyrir þetta tókst okkur að gera sérleyfissamning upp á 30 staði í Hollandi og á sama tíma fjölgaði stöðunum á Íslandi úr 7 í 12.

Nú eru aftur komnar hreyfingar í sérleyfis heiminum og við erum komin vel af stað í leit að sérleyfishöfum í Bretlandi. Síðustu mánuði hefur verið fjallað um Ísey Skyr Bar í öllum helstu fjölmiðlum Bretlands sem skrifa um sérleyfi og veitingasenuna. Tímarit á borð við *What franchise*, *Elite franchise*, *Business Monday* og *QSR media* eru meðal þeirra miðla sem hafa fjallað um þetta nýja og spennandi vörumerki frá Íslandi sem notar íslenskt skyr í alla sína rétti. Samhliða þessu er verið að stíga fyrstu skrefin í bæði Frakklandi og Þýskalandi.

Breyttar kröfur neytenda

Það eru þrír meginþættir sem stuðla að góðri upplifun viðskiptavina á skyndibitastað. Það er hraði afgreiðslu, næringargildi máltíðar og bragð – eða hratt, hollt og gott. Það er algengt fyrir skyndibitastaði að tikka einungis í tvö af þessum þremur boxum. Ef velja á fljótlegan og bragðgóðan kost er fórnarkostnaðurinn yfirleitt hollusta, bragðgóðir og hollir kostir taka yfirleitt lengri tíma og fljótlegir hollustukostir bragðast sjaldnast vel. Eftir heimsfaraldurinn er nú mikilvægara en áður fyrir skyndibitastaði að höfða



til vaxandi hóps neytenda sem setur heilsuna í forgang ásamt því að veita áfram fljótlega og þægilega þjónustu. Eitt megin markmið stofnenda Ísey Skyr Bar var að uppfylla allar þessar kröfur. Með Michelin kokkinn Agnar Sverrisson sér við hlið tókst þeim að gera barinn ekki einungis að hollum og

fljótlegum valkosti heldur einstaklega bragðgóðum og þar með að tikka í öll þrjú boxin.

Vörumerki sem segir sögu

Neytendur vilja í auknum mæli vita hvaðan vörurnar þeirra koma og hvernig þær komust þangað. Arfleið þykir vera táknið um gæði og aukinn trúverðugleika. Ísey Skyr hefur 1.100 ára arfleið og sögu. Ísey Skyr Bar byggir á þessari arfleið og neytendur hafa nú enn fleiri og fjölbreyttari tækifæri til að neyta skyr. Þó svo að Íslendingar þekki skyrið sitt vel eru enn margir markaðir þar sem fólk þekkir ekki skyr eða gerir sér ekki grein fyrir því hversu frábær varan er. Með tilkomu Ísey Skyr Bars geta bændur nú dýpkað samtalið við neytendur og kynnt kosti og fjölbreytileika skyr fyrir þeim.



Það eru spennandi tímar framundan. Sérstaða Ísey Skyr Bar fellur inn í þá þróun sem hefur átt sér stað um allan heim í átt að hollustu og frumleika. Barirnir eru einstakir á heimsvísu og eiga mikla möguleika til þess að ná langt. Grundvallarforsenda fyrir því að hægt sé að selja sérleyfin áfram til framtíðar er að Ísey Skyr Bar hafi einkarétt á notkun vörumerkjanna Ísey Skyr og Ísey Skyr Bar í veitingarekstri. Ísey Skyr og Ísey Skyr Bar styrkja hvort annað í þeirri vegferð að verða alþjóðleg vörumerki.

Sigríður Steinunn Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri

Ný heimasíða MS vekur athygli út fyrir landsteinana

Danski miðillinn Mælkeri tidende, sem færir lesendum sínum nýjustu fréttir úr heimi mjólkuriðnaðarins, birti á dögunum sérstaka frétt um nýja heimasíðu Mjólkursamsölunnar undir yfyrskriftinni: Ny hjemmeside emmer af Island.

Í fréttinni er þess getið að MS hafi opnað nýja vefsíðu með fallegu og nútímalegu útliti og leysi þar með af hólmi gamla, efnismikla og þreytta vefsíðu. Tekið er fram að þó stærsti hluti síðunnar sé vissulega á íslensku geti áhugasamir, sem ekki eru sérfræðingar í íslenskri tungu, lesið það helsta með hjálp þýðingarforrits og er þá ný frétt um verðhækkunir tekin sem dæmi.


Við getum ekki verið annað en stolt og ánægð að ný heimasíða veki athygli út fyrir landsteinana og höldum áfram að gera gott enn betra.

Fréttina má lesa á vefsíðunni: maelkeritidende.dk/nyheder/ny-hjemmeside-emmer-af-island /GBJ

Þróun áburðarverðs

Áburðarverð á heimsmarkaði náði hámarki í apríl síðastliðnum. Vísitala áburðarverðs sem Alþjóðabankinn gefur út, fór þá í tæp 255 stig (2010 = 100). Eins og meðfylgjandi línurit sýnir, voru óverulegar sveiflur á heimsmarkaðsverði áburðar frá því snemma árs 2018 þar til á fyrstu mánuðum ársins 2021 þegar það tók að hækka. Síðustu 12 mánuði hefur verðið síðan hækkað upp úr öllu valdi. Hækkun vísitölunnar frá ágúst 2021 til ágúst 2022 nam um 63%. Árshækkun náði þó hámarki í apríl sl. en þá hafði vísitalan hækkað um 140% frá því í apríl 2021.

Verð á köfnunarefnisáburði hefur hækkað að undanfögnu vegna þess að hver verksmiðjan á fætur annarri hefur lokað í Evrópu á undan förunum mánuðum þar sem verð á gasi hefur sexfaldast frá fyrra ári. Verð á fosfór og kalí lækkaði hins vegar á heimsmarkaði í ágúst. Eftirspurn eftir fosfór er að jafnaði með minnsta móti á þessum árstíma en útflutningur frá Kína er aftur á móti háður takmörkunum til að tryggja framboð þar innanlands. Á sama hátt er eftirspurn eftir kalí í lágmarki síðsumars og það ásamt auknu framboði frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi stuðlaði að verðlækkun á heimsmarkaði. /EB



Ný heimasíða Mjólkursamsölunnar

Ný heimasíða MS, ms.is, hefur litið dagsins ljós og er hér um að ræða fyrstu útgáfuna af nýjum vef sem svo heldur áfram að þróast og dafna, enda um að ræða verkefni sem er og verður í stöðugri þróun. Gamli MS vefurinn sem flestir þekkja vel var kominn til ára sinna en nýjum vef fylgir ný og fersk ásýnd sem mun gera vörunum okkar, starfsfólki, eigendum og sögu herra undir höfði en áður.

Fyrirtækið Hugsmiðjan sá um hönnun á vefnum í samvinnu við markaðsdeild MS en Hugsmiðjan hefur unnið með fjölda íslenskra fyrirtækja síðustu ár og hlotið tugi tilnefninga til Íslensku vefverðlaunanna.

Þar sem um er að ræða fyrstu útgáfu af nýjum vef er viðbúið að notendur síðunnar og viðskiptavinir okkar rekist á eitthvað sem betur má fara. Við fögnum öllum ábendingum og athugasemdum og hvetjum ykkur til að hafa samband ef þið viljið koma einhverju slíku á framfæri. /GBJ





Innvigtun, sala og birgðir

31. ágúst 2022

Framleiðsla mjólkur 2022

Mjólkurframleiðslan hefur dregist saman það sem af er árinu samanborið við árið 2021, sjá mynd 1. Heildarminnkunin frá áramótum (fyrstu 37 vikur ársins) nemur um 2 milljón lítrum eða -1,8%. Til að ná greiðslumarki ársins þarf innvigtun það sem eftir er árs (vika 38 – 52) að vera hálfri milljón lítrum meiri en á sama tímabili síðasta árs, sjá brotalúnuna á mynd 1. Á síðustu tveimur vikum var innvigtun loks meiri en í sömu vikum í fyrra eða samtals um 70 þús lítrar, þannig að viðsnúningur virðist vera á þróuninni sem vekur vonir um að framleiðsla verði a.m.k. sem nemur greiðslumarkinu á árinu.

Sala mjólkur og útflutningur


Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. sep 2021 – ágú 2022, var samantölgð mjólkurframleiðsla 146,5 milljónir lítra (jafnt og núverandi greiðslumark) sem er um 1,6% minni framleiðsla en á 12 mánaða tímabilinu þar á undan. Þetta kemur fram í **töflu 1**.

Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam um 146,7 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 126,4 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 0,9 % á tímabilinu og á próteingrunni um 2,3 %.

Mjólkurframleiðsla umfram sölu á próteingrunni var um 20 milljónir lítra s.l. 12 mánuði en sala á fitugrunni var um 180 þús lítrum meiri en mjólkurframleiðslan. Sala á próteingrunni var um 86,3% af mjólkurframleiðslunni á sama tíma og sala á fitugrunni var um 100,1% af mjólkurframleiðslunni.

Útflutningur á mjólk miðað við prótein nam um 25,9 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 3,7 milljónum. Útflutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið afar vel á árinu. Birgðastaða er í góðu jafnvægi.

Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2020, 2021 og 2022 (vikur 1-37).



Tafla 1 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. ágúst 2022.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	ágúst mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	26.713.553	27.460.508	32.284.032	-23,95	-22,63	-24,07
Innvegin mjólk	12.620.557	38.015.382	146.476.113	1,72	-2,21	-1,65
Seldar afurðir	11.764.230	34.029.094	126.424.772	8,51	4,67	2,31
Útflutningur	1.502.243	5.719.778	25.903.828	-63,31	-37,91	-26,59
Birgðir í lok	26.113.588	26.113.588	26.113.588	-19,11	-19,11	-19,11
Mismunur	-45.952	-386.571	317.956	-114,65	-207,31	-0,40
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	24.774.090	24.357.023	28.267.515	-15,27	-8,79	-10,22
Innvegin mjólk	12.620.557	38.015.382	146.476.113	1,72	-2,21	-1,65
Seldar afurðir	13.169.989	37.963.672	146.656.270	7,18	2,80	0,88
Útflutningur	35.256	121.231	3.730.141	-45,24	-24,29	-39,41
Birgðir í lok	24.385.790	24.385.790	24.385.790	-13,73	-13,73	-13,73
Mismunur	-196.389	-98.289	-28.574	-119,12	-144,33	-104,53

Birgðir mjólkurvara


Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2020 – 2022, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi.

Myndir 3 – 6 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2019 - 2022.

Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjörbirgðir voru um 575 tonn í lok ágúst s.l., minnkuðu um 10 tonn í ágúst og 66 tonn milli ára. Birgðir af smjöri eru í góðu jafnvægi í öllum vörunúmerum.

Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir í mjög góðu jafnvægi en vel er fylgst með þeim og gripið til aðgerða um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflakki.

Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2020 – 2022.




Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2019 – 2022



Hér má sjá hana Doppu sem á lögheimili á Egilsstaðabúinu. Þarna er hún aðeins dagsömum að njóta lífsins - gæf og ljómandi falleg! Framtíðarkýr Egilsstaðarbúsins!

Mynd 4 Þróun ostabirgða 2019 - 2022 (26% og 17%).




Undanfarið hafa birgðir af Mozzarellaosti verið trappaðar niður eins og sjá má á birgðapróuninni á mynd 5, og eru þær nú komnar í það horf sem æskilegt er. Við þetta hefur losnað um fitu og prótein sem geymt hefur verið í þessum birgðum.

Mynd 6 sýnir birgðapróun á undanrennudufti og má sjá að þær eru mjög jafnar milli mánaða á meðan framleiðsla á dufti er jöfn enda hefur gengið vel að flytja út umframbirgðir jafnóðum.


Það dregur jafnan úr framleiðslunni á seinni hluta árs samhliða minnkandi innvigtun og voru því birgðir hækkaðar seinni part sumars til að anna örugglega eftirspurn á seinni hluta ársins.

Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts. / JKB

Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2019 – 2022



Mynd 6 Þróun birgða á Undanrennudufti 2019 – 2022




Verðbreyting mjólkurvara 8. september síðastliðinn

Samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar búvara hækkaði lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda um 4,56% úr 111,89 kr./ltr. í 116,99 kr./ltr. frá og með 1. september sl. og heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara sem nefndin verðleggur hækkaði um 3,72% en sú breyting tók gildi þann 8. september.

Verðhækkanirnar eru komnar til vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og úrvinnslu mjólkur frá síðustu verðákvörðun sem var 1. apríl 2022. Frá síðustu verðákvörðun til septembermánaðar hafa gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 4,56% að meðaltali en þar vegur þýngst hækkun á rekstrarvörum (rúlluplasti og garni) olíukostnaður og vaxtahækkunir. Á sama tímabili hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðvanna hækkað um 2,67% og er það grundvöllur hækkunar heildsöluverðs auk hækkunar á afurðaverði.

Nýjan verðlista MS má finna á slóðinni, <https://www.ms.is/verd-og-puntunarlister>

Verð á innfluttu korni til fóðurs, cif kr/kg



Meðfylgjandi mynd sýnir þróun verðs á innfluttu korni til fóðurs, síðastliðin tvö og hálft ár. Stærstu hluti þessara hækkanar er tilkominn á síðustu 12 mánuðum. Verðhækkunin á því tímabili nemur frá 47% á maís, til 57% á harðhveiti. Um þessar mundir er verið að uppskera sumarabrigði á korni sem sáð var til eftir að hækkanir á áburðarverði komu fram síðastliðið haust. Miklir þurrkar hafa verið í Evrópu í sumar og eru uppskeruhorfur litaðar af því. Mest ber á fréttum af áhrifum á uppskeru af maís og sólbólmafræjum. Full ástæða er til að fylgjast glögggt með þessari þróun, sem ásamt háu verði á áburði, vekja ugg um að kornverð haldist áfram hátt á heimsmarkaði þó mögulega sé hámarkinu nú náð.

Verðjöfnunargjöld á innfluttar unnar landbúnaðarvörur

Þegar íslenska tollskráin er skoðuð og borin saman við önnur EFTA lönd og ESB sést fljótt að ekkert þeirra landa kemst með tærnar þar sem Ísland hefur hælana í að afnema tolla á vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni, oft kallað unnar landbúnaðarvörur. Hér er t.d. um að ræða vörur eins og croissant, kökur og súkkulaði. En einnig getur þetta átt við samlokur, pizzur og aðrar vörur sem innihalda t.d. minna en 20% kjöt eða ost.

Noregur – viðskiptakjör með unnar landbúnaðarvörur

Unnar landbúnaðarvörur falla flestar undir bókun 3 við EES samninginn en ekki samninginn sjálfan. Því gilda ekki sömu kjör í viðskiptum ESB og Noregs annars vegar og ESB og Íslands hins vegar. Samkvæmt tilkynningu Noregs til EFTA leggur Noregur á verðjöfnunargjöld á ýmsar unnar landbúnaðarvörur sem eru upprunnar í ESB.

ESB og Sviss– viðskiptakjör með unnar landbúnaðarvörur

Sambærilegar reglur gilda í ESB og Sviss um álagningu verðjöfnunargjalda á innflutt unnin matvæli. ESB leggur sérstök gjöld á erlendar innfluttar vörur til að ná frekar markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar við tollameðferð þessara erlendu landbúnaðarvara. Þannig eru lögð á verðjöfnunargjöld, sem sett eru í sameiginlegu tollskránni, en þau samanstanda af verðtolti og landbúnaðarþætti sem er hluti af verðtollinum. Tollskrá ESB er þannig virkur hluti af landbúnaðarstefnu ESB. Sviss er aðili að EFTA samtökunum en ekki að EES samningum. Sviss hefur birt sérstaka tilkynningu um það hvernig unnar landbúnaðarvörur verða tollafgreiddar. Í henni kemur fram að landbúnaðarstefna landsins hafi það að markmiði að tryggja framleiðslu tiltekinna landbúnaðarvara. Með vísan til þess og að teknu tilliti til þess hversu hár framleiðslukostnaðar í Sviss er í alþjóðlegu samhengi sé nauðsynlegt að innleiða verðjöfnunarreglur til hagsbóta fyrir svissneska framleiðendur landbúnaðarvara.



Umræðan er á villigötum

Í hita umræðu um nauðsyn þess að leggja af tolla á ýmis landbúnaðarhráefni til framleiðslu á unnum matvæla mætti því eins snúa spurningunni við. Af hverju eru ekki lögð á verðjöfnunargjöld

á Íslandi á landbúnaðarhráefni í t.d. innfluttu croissant, súkkulaði og samlokum? Ef Noregur gerir það, ESB gerir það og líka Sviss, af hverju gerir Ísland það ekki? / EB

Álagning þessara verðjöfnunargjalda er þannig uppbyggð að þau eru lögð á landbúnaðarhráefni í unnum landbúnaðarvörum – m.ö.o. gjald er lagt á tiltekin landbúnaðarhráefni sem njóta tollverndar. Hér er hægt að taka dæmi um súkkulaði í tollflokki 1806.9090 sem flutt er til Noregs frá ESB. Á grundvelli norskra verðjöfnunarreglna er lagður tollur á tiltekin innihaldsefni sem teljast landbúnaðarhráefni:

Hráefni súkkulaðis	Hlutfall	Tollar (NOK/kg)	Álagt gjald
Smjör	1%	12,74	0,13 NOK/kg
Olía	6%	0,00	0,00 NOK/kg
Sykur	47%	0,00	0,00 NOK/kg
Glúkósi	1%	4,41	0,04 NOK/kg
Mjólkurduft	19%	11,43	2,17 NOK/kg
Önnur efni	26%	0,00	0,00 NOK/kg

SAMTALS

2,34 NOK/kg

Þannig leggst verðjöfnunargjald að fjárhæð 2,34 NOK/kg á súkkulaði í þessum tollflokki við innflutning til Noregs.

Svipmyndir frá MS á Selfossi



Björn Ingi Sveinsson skoðar upplýsingar um mjólkurpökkun.



Margrét Ýr Bárðardóttir fylgist með dósum renna hjá. Hér erum við í skyr og jógúrtgerð.



Ólafur Unnarsson og Björn S. Gunnarsson að smakka eitthvað spennandi í tilraunaaðstöðu vöruþróunar MS á Selfossi.



Sigþór Magnússon (Sissi), bílstjóri þværlínn að loknum vinnudegi.



Rannveig Elva Arnarsdóttir starfar í skyr og jógúrtgerð.



Alþjóðlegi skólarmjólkur- dagurinn 28. september

Alþjóðlegi Skólarmjólkurdagurinn er árlegur viðburður sem haldinn er hátíðlegur víða um heim þann 28. september og hér á landi markar dagurinn upphaf árlegrar teiknisamkeppni sem öllum 4. bekkjum stendur til boða að taka þátt í.

Samkeppnin hefur notið mikilla vinsælda meðal nemenda og kennara um árabil, en menntamálaráðherrar hafa í gegnum tíðina talað um mikilvægi keppinnar og tekið þátt í vali á

verðlaunamyndunum undanfarin ár. Líkt og áður er það stofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO (Food and Agriculture Organization) sem hvetur til hátíðarhalda á þessum degi.

Að jafnaði berast í kringum 1300 myndir í keppnina frá um 50 skólum víðsvegar um landið og veitt eru verðlaun fyrir 10 bestu myndirnar að mati dómnefndar. Hver verðlaunahafi fær 40.000 kr. að gjöf frá Mjólkursamsölunni sem renna í bekkjarsjóði viðkomandi og því til mikils að vinna fyrir nemendur. /GBJ

Mjólkur- samsalan í 95 ár

Íslenskir bændur hafa alltaf borið gæfu til að standa sjálfir að mjólkurvöruvinnslu og sölu í gegnum samvinnufélög sín og er Mjólkursamsalan spröttin úr þeim jarðvegi.

Elsta fyrirtækið í sameinuðu félagi Mjólkursamsölunnar er Mjólkursamlag KEA, sem var stofnað á sérstökum fulltrúafundi Kaupfélagsins 4. september 1927, sem telst vera stofndagur MS. Þannig spannar saga Mjólkursamsölunnar nú heil 95 ár. Á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á mjólkuriðnaði á Íslandi og sérstaklega undanfarna þrjá áratugi.

Fjöldi félaga í mjólkuriðnaði hafa sameinast undir nafni Mjólkursamsölunnar og hefur MS starfað í núverandi mynd frá árinu 2007.

www.ms.is



Á næstu dögum mun ný auglýsingaherferð „Smurt með Sunnu“ fara í loftið. Um er að ræða kómískar en hlýlegar auglýsingar. Vettvangurinn eru matreiðsluþættir á Instagram, en Eygló Hilmarsdóttir leikur aðalhlutverkið sem áhrifavaldur sem elskar smurosta og notar þá í allt. Kómíkin felst í því að hún er jafnframt

með svolitinn athyglisbrest sem gerir allar tækur erfiðari fyrir aðstoðarmanninn á settinu. Við hlökkum mikið til að leyfa ykkur að njóta en Eygló Hilmarsdóttir fer hér á kostum og við erum ánægð með það efni sem við höfum séð.